# Rósir og rósarækt

Í samstarfi HORTICUM menntafélag.

Rósir hafa löngum prýtt garða landsmanna með fallegu vaxtarlagi sínu og óviðjafnanlegum blómum. Undanfarin ár hefur úrval yrkja sem þrífast í görðum landsmanna aukist jafnt og þétt. Námskeiðið gerir grunnatriðum rósaræktar skil. Námskeiðið er ætlað hinum almenna garðræktanda sem hefur áhuga á að auka þekkingu sína á þessum þrautreyndu garðplöntum og þá sérstaklega ræktun þeirra.

Farið verður yfir ákjósanleg jarðvegsskilyrði, atriði er varða gróðursetningu, staðarval, klippingu og almenna umhirðu rósanna. Einnig munu ólíkar tegundir, yrkishópar og algengustu yrki verða kynnt ásamt því sem ræktunarsaga þeirra verður rakin í grófum dráttum, allt frá hirð keisarans í Kína til Napóleon-styrjaldanna og jarðræktartilrauna í Kanada á 20. öld.



**Kennsla / umsjón:**
Hjörtur Þorbjörnsson, grasafræðingur

**Hvenær:**
Þri. 4. og fim. 6. maí kl. 20:15 - 22:15

**Verð:** 8.700 kr.. – sjánánar um námskeið og skráningu hér